

Landsráðstefna (svæðisráðstefna)

GSA-samtakanna á Íslandi

28. mars 2015 kl. 13:00-14:30

Mættir:

Deildarfulltrúi sunnudagsdeildar í Hafnarfirði ,
deildarfulltrúi mánudagsdeildar í Kópavogi,
deildarfulltrúi Grindavíkudeildar,
fulltrúi frá Skype-deild,
deildarfulltrúi fimmtudagsdeildar í Grensáskirkju,
deildarfulltrúi föstudagsdeildar í Alanó-húsinu,
deildarfulltrúi laugardagsdeildar í Hljómskálanum.

Enginn fulltrúi var frá þriðjudagsdeild, Akureyrardeild né Akranesdeild.

Allir nefndarmenn landsþjónustunefndar voru mættir, sem og fjórir aðrir GSA-félagar.

Dagskrá:

1. Skýrsla frá oddamanni
2. Skýrsla frá gjaldkera
3. Sagt frá útgáfunefnd
4. Sagt frá heimsráði
5. Sagt frá SOS
6. Deildarfulltrúar deila fréttum af fundum
7. Útskýringar á tillögum að breyttu skipulagi landsþjónustu og kosið um breytta skipan
8. Önnur mál

1. Skýrsla frá oddamanni

Oddamaður skýrði frá starfi landsþjónustu á árinu. Það helsta var að alþjóðafulltrúi landsþjónustu sótti heimsráðstefnu GSA í Bandaríkjunum haustið 2014 og að landsþjónusta vann tillögur að breytingum á samþykktum samtakanna á Íslandi skv. leiðbeinandi reglum frá heimsráði. Þær tillögur eru lagðar fram á þessum fundi.

2. Skýrsla frá gjalkera

Gjaldkeri lagði fram reikningsyfirlit og skýrði stöðu sjóðs landsþjónustu. Við lok starfsársins voru um 100 þús. kr. í sjóðinum.

3. Sagt frá útgáfunefnd

Oddamaður greindi frá því að þjónustuhandbók GSA er nánast tilbúin á íslensku.

4. Sagt frá heimsráði

Sagt var frá því að nauðsynlegt væri að fresta næstu heimsráðstefnu, sem ráðgerð hafði verið vorið 2016, til hausts 2016 vegna fjárskortis en starfsnefndir ráðsins ynnu engu að síður af fullum krafti að undirbúningi hennar.

5. Sagt frá SOS

Greint var frá því að ætlunin væri að endurlífga starf SOS-nefndar á næstunni.

6. Deildarfulltrúar deila fréttum af fundum

Deildarfulltrúar greindu frá því helsta sem einkenndi starf deilda þeirra á liðnu ári. Í ljós kom að hjá mörgum deildum er erfitt að manna þjónustu og sumar deildanna hafa ekki haft fjárráð til að leggja landsþjónustu til framlag.

7. Útskýringar á tillögum að breyttu skipulagi landsþjónustu og kosið um breytta skipan

Skýrt var út í hverju helstu breytingar á tillögum til nýrra samþykktu fælust og þær lagðar fram (áður höfðu þær verið birtar á heimasíðunni gsa.is). Þær felast helst í því að deildarfulltrúar skipa skv. þeim svæðisnefnd (sem kæmi í stað núverandi landsþjónustu en með nokkurn veginn sama hlutverk og hún) og að fundir svæðisnefndar yrðu opnir öllum GSA-félögum.

Tillögurnar voru ræddar. Breytingartillaga kom fram á fundinum um að 2/3 hluta atkvæða þyrfti til að breyta samþykktunum á svæðisráðstefnu en upphaflega var gert ráð fyrir einföldum meiri hluta.

Breytingartillagan var samþykkt einróma.

Loks voru samþykktirnar um svæðisnefndar GSA-samtakanna lagðar fyrir fundinn og þær voru samþykktar samhljóða. Samþykktirnar eru birtar í endanlegri gerð á heimasíðunni gsa.is.

8. Önnur mál

Ákveðið var að framvegis yrðu fundir svæðisnefndar boðaðir á heimsíðu samtakanna, á deildarfundum og með símalista. Ennfremur var ákveðið að fráfarandi landsþjónusta og nýkjörin svæðisnefnd hittust á sameiginlegum fundi 18. apríl kl. 13–15 í Hljómskálanum.